

Góðan dag.

Eftirfarandi var bókað 597. fundi bæjarráðs þann 19. mars.

1903012 - 86. mál til umsagnar - Þjóðaratkvæðagreiðsla um framtíð Reykjavíkurflugvallar

1901023 - Fundargerðir Stjórnar Eyþings - 2019


Lögð fram til kynningar 318. fundargerð Stjórnar Eyþings frá 12. mars.sl.

Bæjarráð tekur undir eftirfarandi bókun Stjórnar Eyþings dags. 12.mars sl.:

Stjórn Eyþings tekur undir þingsályktunartillögu þess efnis að efnt verði til þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurflugvallar og er afstaða stjórnarinnar einróma í því að flugvöllur og miðstöð innanlands- og sjúkraflugs skuli vera áfram í Vatnsmýrinni í Reykjavík uns jafngóður eða betri kostur verði tilbúinn til notkunar. Þá tekur stjórn Eyþings undir greinargerð sem fylgir þingsályktunartillögunni. Reykjavíkurflugvöllur gegnir mikilvægu og fjölþættu hlutverki í samgöngum íbúa Norðausturlands, þá er tilgangur hluta ferðanna að sækja læknisþjónustu á höfuðborgarsvæðinu og tengist staðsetning flugvallarins þannig brýnum öryggishagsmunum almennings. Þá gegnir flugvöllurinn einnig lykilhlutverki í tengingu landsbyggðanna við opinbera grunnþjónustu og mikilvægar opinberar stofnanir, sem flestar eru staðsettar á höfuðborgarsvæðinu.

Bestu kveðjur

Fjallabyggð



Ólöf Kristín Daníelsdóttir

Ritari og skjalastjóri

Beinn sími: 464 9107

Netfang: olof@fjallabyggd.is